

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Reykjavík, 6.12.2023
UST202301-433/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 26. október 2023 þar sem stofnunin óskaði eftir viðbrögðum vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 19. september 2023. Svör rekstraraðila bárust þann 1. desember sl.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.13 í starfsleyfi.** Geymsla efna á lager rekstraraðila er ófullnægjandi. Efni skal geyma á þann hátt að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. **Efni voru sett í kör og send var mynd til stofnunarinnar því til staðfestingar.**
2. **Gr. 3.13 í starfsleyfi.** Öryggisblöð voru ekki til staðar í efnageymslu. **Öryggisblöð voru sett í möppu við útgönguleið til þess að greið leið sé að þeim ef slys verður. Rekstraraðili sendi stofnuninni einnig mynd af öryggisblöðunum.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius,
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur